



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna

Reykjavík, 4. nóvember 2025

SFS25100048

TILLAGA

Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Flokks fólksins og Vinstri grænna varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um samræmdar reglur um símanotkun

Lagt er til að fresta afgreiðslu tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um samræmdar reglur um símanotkun, þar til fyrir liggur hver afdrif draga mennta- og barnamálaráðuneytis verða á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, um síma og snjalltæki.

Greinargerð:

Fyrir liggur að mennta- og barnamálaráðuneytið kynnti þann 3. október sl. til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um grunnskóla (símar og snjalltæki). Frumvarpið felur í sér afmarkaðar breytingar á lögum um grunnskóla og miðar að því að styrkja og bæta lagagrundvöll til setningar reglugerðar um notkun síma og snjalltækja í skóla- og frístundastarfi. Lagðar eru til breytingar sem heimila mennta- og barnamálaráðherra að setja reglugerðir á grundvelli 14. og 30. gr., sbr. 33. gr. a laganna, þar sem fjallað verður nánar um framkvæmd, fyrirkomulag og undanþágur.

Ekki liggur fyrir hvert framhaldið verður og er lagt til að beðið verði með afgreiðslu tillögunnar þar til niðurstaða kemur í málið.

Nú þegar hafa yfir 70% grunnskóla Reykjavíkurborgar sett sér reglur um notkun síma og snjalltækja.



Reykjavík